

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Súðavíkurhrepps 1999-2018.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur umhverfisráðherra þann 19. desember 2002 staðfest aðalskipulag Súðavíkurhrepps 1999-2018.

Upptættir og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Hreppsnefnd Súðavíkurhrepps hefur samþykkt aðalskipulagsáætlunina og Skipulagsstofnun afgreitt hana til staðfestingar.

Aðalskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi aðalskipulag Reykjanesskóla 1987-2007 frá 12. apríl 1988 og aðalskipulag Súðavíkur 1992-2012 frá 29. apríl 1994.

Umhverfisráðuneytinu, 19. desember 2002.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur umhverfisráðherra þann 20. desember 2002 staðfest aðalskipulag Reykjavíkur 2001-2024.

Upptættir og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Borgarstjórn Reykjavíkur hefur samþykkt aðalskipulagsáætlunina og Skipulagsstofnun afgreitt hana til staðfestingar.

Aðalskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi aðalskipulag Reykjavíkur 1996-2016 frá 18. ágúst 1997 og aðalskipulag Kjalarness 1990-2010 frá 1. júní 1990.

Umhverfisráðuneytinu, 20. desember 2002.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Húsavíkurbæ árið 2003.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund í Húsavíkurbæ, sbr. 2. gr. c-staflið samþykktar nr. 567/1991 skal vera kr. 9.975 á árinu 2003.

Gjaldið greiðist á gjalddaga 1. maí, en eindagi er 31. maí.

Innifalið í leyfisgjaldinu er hundahreinsunargjald.